3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2001. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum og verðmætastuðla.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 630 16. ágúst 2001

REGLUGERÐ

um úthlutun á fiskveiðiárinu 2001/2002 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úhlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 2001/2002 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar skv. 1. gr. með nýsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2001 til 31. ágúst 2002 er leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

		Leyfilegur heildarafli	Dagabátar	Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l. nr. 38/1990	Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990	Bætur vegna skerðingar í innfjarðarækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990	Úthlutað aflamark 2001/2002
	Tegund	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**	**Lestir**
1.	Þorskur	190.000	1.273	3.000	1.365	1.830	182.532
2.	Ýsa	30.000	-	-	216	289	29.495
3.	Ufsi	30.000	-	-	216	289	29.495
4.	Steinbítur	13.000	-	-	93	125	12.782
5.	Karfi	65.000	-	-	-	-	65.000
6.	Grálúða	20.000	-	-	-	-	20.000
7.	Sandkoli	3.000	-	-	-	-	3.000
8.	Skrápflúra	5.000	-	-	-	-	5.000
9.	Skarkoli	4.000	-	-	-	-	4.000
10.	Þykkvalúra	1.400	-	-	-	-	1.400
11.	Langlúra	1.350	-	-	-	-	1.350
12.	Keila	4.500	-	-	-	-	4.500
13.	Langa	3.000	-	-	-	-	3.000
14.	Skötuselur	1.500	-	-	-	-	1.500

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.